

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	17.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. að Litla-Sandi og Digralæk (Miðsandi), Hvalfirði. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 133.000m³ af olíu og bensíni og móttaka á úrgangsolíu er einnig hemil. Heimild er fyrir 6.850m³ ofanjarðar á Litla-Sandi og allt að 12.700m³ af olíu í hverjum geymi, neðanjarðar á Digralæk (Miðsandi). Starfsleyfið gildir til 10. desember 2031.

Eftirlitið var framkvæmt í tveimur hlutum, annars vegar vettvangsferð sem framkvæmd var þann 16. maí sl. og hins vegar fundur með rekstraraðila þann 17. maí sem tekinn var samhliða eftirliti hjá rekstraraðila í olíubirgðastöðinni í Örfirisey.

Boðað umfang vettvangsferðar var eftirfarandi:

- Gengið um svæðið og aðstaðan skoðuð
- Frágangur um geyma
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Girðingar og hlið

Boðað umfang eftirlitsfundar var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2022 og engin ábending sett fram. Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Stöðin hefur staðið tóm frá því í september 2021 og engin olíuefni til staðar. Eftirlit og vöktun verður áfram með stöðinni skv. verklagsreglum þar um.

Allt lagnakerfið var þrýstiprófað í júlí 2022. Allir olíugeymar voru botnþykktarmældir árið 2022, bæði á Litla-Sandi og Miðsandi, fyrir utan geyma merкта T2016 (311.19.00) og T0085 (311.18.00) en þeir voru síðast mældir árin 2016 og 2017. Alls eru 15 geymar í stöðinni. Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi skal þykktarmæla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti. Hönnun geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn. Mikilvægt er að katóðukerfinu sé vel viðhaldið og minnt er á það. Katóðutæringarvarnir voru endurnýjaðar árið 2020.

Sjálfvirkir olíuskynjarar eru staðsettir í frárennsli stöðvarinnar og loka þeir fyrir streymi út úr stöðinni ef olía skynjast í frárennslinu. Starfsmenn fá send sjálfvirk boð ef skynjarar nema olíu í frárennsli en ekkert álag er á skiljunum á meðan stöðin stendur tóm. Taka skal sýni að lágmarki þriðja hvert ár úr olíuskiljum skv.

gr. 4.3 í starfsleyfi.

Gufuendurnýtingarbúnaður er í stöðinni og staðsettur á Litla-Sandi fyrir báðar stöðvarnar. Búnaðurinn var í yfirferð hjá þjónustuaðila er eftirlitið fór fram. Þar sem engin olíuefni eru í stöðinni þá er ekki gerð athugasemd við að búnaðurinn sé ekki á staðnum en minnt á að búnaðurinn þarf að vera virkur um leið og olíuefni verða sett í stöðina.

Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók. Eftirliti með stöðinni er stýrt frá stöðinni í Örfirisey og er myndavélakerfi með hreyfiskynjurum tengt þangað. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 hefur verið endurnýjuð til ársins 2026.

Ekki hefur orðið breyting á tilhögun úrgangsflokkunar og söfnunar í stöðinni frá síðasta eftirliti.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Ekið var bæði að Digralæk og Litla-Sandi, gengið um svæðið í kringum stöðina, girðingar skoðaðar og stóðu hlið læst við komu. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Engar ábendingar voru settar fram við skoðunina.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 12.06.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir